

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. september 2020 til íbúaráðs Breiðholts. Tillöguna má nálgast hér <https://reykjavik.is/skipulag-i-kyningu/adalskipulagi-reykjavikur-2010-2030-stefna-um-ibudarbyggd>.**

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

### **Stefna um íbúðarbyggð. Nýir reitir fyrir íbúðarbyggð og hverfiskjarnar**

Tillagan felur í sér að skilgreindar eru heimildir um fjölda íbúða á nokkrum nýjum og eldri byggingarreitum auk skilgreiningar nýrra hverfiskjarna. Breytingartillögur ná til eftirfarandi svæða: Arnarbakki í Neðra-Breiðholti; Eddufell-Völvufell-Suðurfell í Efra-Breiðholti; Rangársel í Seljahverfi; reits á mörkum Háaleitisbrautar og Miklubrautar í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits á mörkum Grensásvegur og Bústaðavegur í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits við Vindás og Brekknaás í Seláshverfi.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillöguna má nálgast á [reykjavik.is](https://reykjavik.is) og [adalskipulag.is](https://adalskipulag.is)

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)  
Deildarstjóri aðalskipulags  
Umhverfis- og skipulagssviði  
Reykjavíkurborgar

Sent til:  
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins  
Kópavogsbær  
Garðabær  
Hafnarfjarðarkaupstaður  
Seltjarnarneskaupstaður  
Mosfellsbær  
Kjósarhreppur  
Önnur nágrennasveitarfélög  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Veitur  
Borgarsögusafn  
Íbúaráð og íbúasamtök í viðkomandi borgarhlutum